



## Fundur háskólaráðs 22. maí 2001

### Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 16.05.2001 08:38:34

Dags: 22.05.2001

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

9/2001

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, þriðjudaginn 22. maí var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagt fram bréf frá Halldóri Jónssyni, framkvæmdastjóra rannsóknasviðs, ásamt lista yfir ráðstöfun tækjakaupafjár 2001.
- 1.2 Lögð fram greinargerð vegna breytingar á nafni Stofnunar í erlendum tungumálum, sem heimspekideild samþykkti á fundi sínum 26. apríl sl., í Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.
- 1.3 Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu, þar sem samþykkt er aðild Háskóla Íslands að einkahlutafélaginu Lífeind ehf.

### 2. Mál á dagskrá

- 2.1 Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahúss.  
Rektor gerði grein fyrir framlögðum samningi Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahúss og þeirri vinnu sem framundan er við lúkningu samningagerðarinnar. Málið var rætt ítarlega.  
Samningurinn var samþykktur einróma.
- 2.2 Ársreikningur og Árbók Háskóla Íslands 2000.  
Inn á fundinn komu Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar og Gunnlaugur H. Jónsson, framkvæmdastjóri fjárreiðusviðs, og gerðu grein fyrir framlögðum ársreikningi Háskóla Íslands 2000. Málið var rætt ítarlega, m.a. hvernig haga skuli reikningshaldi, framsetningu og endurskoðun ársreikninga Háskólans. Svöruðu Ingjaldur og Gunnlaugur framkomnum spurningum og athugasemdum.  
Ársreikningur Háskóla Íslands fyrir árið 2000 var samþykktur einróma.
- 2.3 Sjóðir í vörslu Háskólans.  
Stefán Ólafsson, Ingjaldur Hannibalsson og Hörður Sigurðsson gerðu grein fyrir framlagðri umsögn sinni um tillögur starfshóps um rekstur sjóða í vörslu Háskóla Íslands og eftirfarandi tillögum um afgreiðslu málsins:

1. Háskólaráð skipar þriggja manna sjóðsstjórn til þriggja ára og skal einn stjórnarmanna ekki vera starfsmaður Háskóla Íslands. Framkvæmdastjóri fjárreiðusviðs er ritari sjóðsstjórnar.
2. Sjóðsstjórn hefur umsjón með öllum styrktarsjóðum Háskóla Íslands sem eru í vörslu hans. Sjóðsstjórn hefur einnig umsjón með ávöxtun þess fjár Háskólasjóðs og Sáttmálasjóðs sem ávaxta á til lengri tíma en eins árs. Sjóðsstjórn er ráðgefandi varðandi ávöxtun annarra fjármuna Háskóla Íslands sem ávaxta á til lengri tíma en eins árs.
3. Starfsmaður á fjárreiðusviði Háskólans (sjóðsstjóri) annast daglegan rekstur sjóðanna í umboði sjóðsstjórnar og undir eftirliti framkvæmdastjóra fjárreiðusviðs.

4. Sjóðsstjórn semur starfsreglur sem háskólaráð staðfestir þar sem fjallað er um ávöxtunarmarkmið, áhættu, samstarf við aðra aðila, samávöxtun sjóða, áætlanagerð, uppgjör og skýrslugerð.
5. Sjóðsstjórn skal a.m.k. einu sinni á ári gefa háskólaráði skýrslu um stöðu og árangur sjóða Háskólans í samanburði við markmið.
6. Löggiltur endurskoðandi skal endurskoða reikninga sjóðanna á hverju ári.

Tillögurnar voru samþykktar einróma.

- 2.4 Kjör heiðursdoktora.  
Fram voru lagðar tillögur um að eftirtaldir verði sæmdir heiðursdoktorsnafnbót á háskólahátíð 5. október 2001:  
Árni Vilhjálmsson við viðskipta- og hagfræðideild  
Pétur Mikkel Jónasson við raunvísindadeild  
Helgi Hálfánarson, Jonna Lous-Jensen og Preben Meulengracht Sörensen við heimspekideild  
Samþykkt einróma.
- 2.5 Erindisbréf fjármála-, kennslumála og vísindanefnda.  
Framlögð erindisbréf, sem kynnt voru á fundum ráðsins 3. apríl og 3. maí sl., voru samþykkt einróma.
- 2.6 Þjónustusamningar Háskóla Íslands og Stúdentaráðs Háskóla Íslands.  
Formaður Stúdentaráðs, Þorvarður Tjörvi Ólafsson, óskaði eftir að koma á fundinn og gera grein fyrir framlagðri skýrslu vegna þjónustusamninga Háskóla Íslands og Stúdentaráðs Háskóla Íslands og framlögðum ársreikningi Stúdentaráðs 2000-2001.  
Samningur um rekstur húsnæðismiðlunar, kennslumiðlunar og barnagæslumiðlunar var samþykktur samhljóða.  
Samningur um þjónustu við nemendur, nemendafélög og erlenda stúdenta var samþykktur samhljóða.  
Samningur um rekstur Réttindaskrifstofu stúdenta var samþykktur með fimm atkvæðum en eitt atkvæði var á móti.

\* Bókanir fulltrúa stúdenta í háskólaráð

### 3. Önnur mál

- 3.1 Erindi nemanda, áður á dagskrá ráðsins 3. apríl sl.  
Að mati háskólaráðs gefa fyrirbyggjandi gögn ekki til kynna að ástæður séu til endurupptöku málsins. Farið var á sínum tíma með málið í samræmi við gildandi reglur hvað varðar mat á prófúrlausn og faglega niðurstöðu kennara og prófdómara. Er því ekki fallist á að skilyrði séu fyrir hendi til þess að endurupptaka málið.  
Samþykkt einróma.
- 3.2 Úrskurður kjaranefndar vegna kennslu og stjórnunar prófessora í MBA-námi.  
Rektor var falið að taka málið upp við kjaranefnd.

Fleira var ekki gert  
Fundu slitið kl. 16:15

\* Baldvin Þór Bergsson, fulltrúi Vöku í háskólaráði, lagði fram eftirfarandi bókun:  
Bókun vegna þjónustusamninga Háskóla Íslands og Stúdentaráðs.  
Nú hafa þjónustusamningar Háskóla Íslands og Stúdentaráðs verið lagðir fram í þriðja sinn. Ekki er að sjá að miklar breytingar séu gerðar á samningunum frá ári til árs og virðist Háskólinn því líta á það sem sjálfgefið að vel sé farið með fé hans á skrifstofu

Stúdentaráðs.

Vaka lítur svo á að samningur um réttindaskrifstofu sé stærsta atлага sem gerð hefur verið að hagsmunabaráttu stúdenta. Vaka hefur áður bent á upplýsingaskyldu Stúdentaráðs gagnvart háskólayfirvöldum og hættuna sem af henni stafar. Ljóst þykir að með uppsögn samningsins þyrftu starfsmenn skrifstofu Stúdentaráðs að ráðast í löngu tímabæra hagræðingu. Það er jafnframt ljóst að réttindabaráttu stúdenta getur þrífist án peninga frá Háskólanum

Það er gömul sannindi í stjórnsýslufræðum að stofnanir og félög eyða því fé sem þau fá úthlutað. Á síðustu árum hefur það fæst í vöxt að færa þarf rök fyrir fjárþörf félaga og stofnana í stað þess að sjálfkrafa séu yfirfærðir peningar til þeirra. Háskóli Íslands hefur reynt að fylgja þessari stefnu gagnvart deildum og stofnunum og því ótrúlegt að ekki hafi verið gerð úttekt á raunverulegri fjárþörf Stúdentaráðs vegna starfseminnar sem þar er veitt.

\* Dagný Jónsdóttir, fulltrúi Röskvu í háskólaráði, lagði fram eftirfarandi bókun.

Bókun vegna þjónustusamninga Háskóla Íslands og Stúdentaráðs

Undirrituð fagnar endurnýjun þjónustusamninga Háskóla Íslands og Stúdentaráðs. Samningarnir leggja grundvöllinn að öflugri þjónustu Stúdentaráðs og eru þess vegna mjög mikilvægir fyrir stúdenta sem og háskólasamfélagið í heild sinni og bera vitni um metnaðarfullan Háskóla sem ætlar sér að vera í fremstu röð.

Stúdentaráð er stolt af þeirri þjónustu sem það veitir og hafnar því algerlega að sjálfstæði ráðsins sé fórnað með gerð þessara samninga. Stúdentaráð hefur í engu slakað á í hagsmunabaráttu sinni og má þar nefna sem dæmi hörð mótmæli við skólagjöldum í MBA-námi, einkunnaskilasíðu Stúdentaráðs og kæru til áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema þar sem Stúdentaráð fékk ákvörðun háskólaráðs hnekk. Að ætla sér að kasta grundvelli hagsmunabaráttunnar fyrir róða vegna einhverra ímyndaðra hagsmunaárekstra væri einfaldlega mjög óábyrgt, enda myndi það þýða stórfellda þjónustuskerðingu fyrir námsmenn.

Undirrituð fagnar því heilshugar að Stúdentaráð geti haldið uppi sama þjónustustigi og veitt stúdentum Háskóla Íslands alla þá fjölbreyttu þjónustu sem veitt er á skrifstofu Stúdentaráðs.